

Minnisblað: Ábendingar um atriði til umhugsunar í framhaldi af umsögn OS um raforkufrv.

21. apríl 2004

Málsnúmer: 2004040003
Fyrirtæki/Stofnun: Alþingi - Iðnaðarnefnd
Nafn: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Móttakandi
Sendandi: Orkumálastjóri
Efni: Ábendingar um atriði til umhugsunar í framhaldi af umsögn OS um raforkufrv.

Eins og fram kemur í niðurlagi umsagnar Orkustofnunar til iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 14. apríl 2004, um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, hefur Orkustofnun haft til skoðunar nokkur efnisatriði er varða framkvæmd raforkulaga, auk þeirra sem getið er í umsögninni. Þau varða m.a. verðtryggingar, greiðslur til flutningskerfis fyrir raforkunotkun orkuvera sem bæði framleiða rafmagn og heitt vatn og heimildir til endurkrafna vegna of- eða vantekinna tekna, þ.e. frávik frá tekjumörkum. Eftirfarandi eru hugleiðingar Orkustofnunar um þessi atriði:

1. Verðtrygging

Orkustofnun telur að með einhverjum hætti þurfi að taka tillit til almennra verðlagshækkana við ákvörðun tekjumarka dreifiveitna og flutningsfyrirtækis. Verði það ekki gert verði þrýstingur á einhvers konar uppstokkun með reglulega millibili, sem kunnir þá að leiða til óþægilega mikilla breytinga á verði fyrir umrædda þjónustu.

Stofnunin telur rétt að taka á þessum vanda með beinum hætti fremur en að láta kylfu ráða kasti. Það mætti hugsa sér að tengja saman hagræðingarkröfu og áhrif verðbólgu með þeim hætti t.d. að gera enga hagræðingarkröfu en halda tekjurömmum á föstu verðlagi og láta þannig verðbólguna um hagræðinguna. Þetta telur stofnunin ekki gagnsæja aðferð. Betra sé að skilja á milli verðtryggingar og hagræðingarkröfu.

Benda má á að í Noregi er hækkun tekjumarka innan viðmiðunartímabíla (5 ára tímabil) bundin vísitölu neyðsluverðs. Hjá þeim er þetta framkvæmt með þeim hætti að ekki er í sjálfu sér verið að breyta hinu (óverðtryggða) uppgjöri á reikningum fyrirtækjanna og hefur ekki heldur áhrif á skattalega stöðu.

Því telur Orkustofnun rétt að heimild verði til þess að taka tillit til verðlagsþróunar við ákvörðun tekjuramma. Stofnunin telur hentugra að slík heimild verði útfærð í reglugerð frekar en í lögum. Því þarf að huga að því hvort ákvæði frumvarpsins séu nægilega rúm til að heimila slíka reglugerðarsetningu.

2. Greiðslur til flutningskerfis vegna orkuvera með blandaða framleiðslu

Í jarðvarmaorkuverum er allmikil raforkunotkun, þar sem raforkan er notuð fyrir ýmis konar hjálparbúnað svo sem til dælingar á köldu og heitu vatni, fyrir lofttæmidælur o.fl. Ofangreindri notkun verður að skipta í tvo meginþætti, annars vegar notkun sem er óaðskiljanlegur hluti varmaorkuversins og hins vegar raforku fyrir dæling vegna heitavatnsdælingar til þeirra svæða þar sem raforkunotkunin fer fram. Fyrirnefndi þátturinn verður að skoðast sem eðlilegur þáttur í raforkuvinnslu, en hinn síðari er í raun hluti hitaveiturekstrar. Síðari þátturinn nemur um 90 til 100 GWh á ári skv. upplýsingum frá Orkusparnefnd.

Vandinn er sá hvernig eigi að taka á þessu.

Fyrsta lausninn er sú að líta fram hjá vandanum og líta á þessa innri notkun sem óviðkomandi flutningi og dreifingu raforku. Þá er augljóst að aðrir raforkusalar geta ekki keppt um að selja rafmagn til þessarar dælingar. Að auki mun þá koma upp skilgreiningarvandi: Hvenær er notkun "innri notkun" í orkuverinu? Svo lengi sem rafmagnid streymir aðeins innan sama þaks? Eða ef það fer ekki útaf "lóð" orkuversins? Leiðir slík undanþága til þess að ekki sé farin þjóðhagslega besta leiðin? T.d. mætti hugsa sér að dæla væri betur sett utan húss, t.d. á miðri leið þípunnar á markaðinn, en væri færð til orkuversins einungis til að sneiða hjá gjöldum fyrir flutning og/eða dreifingu.

Öfgarnar í hina áttina eru þeir að líta á þennan straum frá raforkuverinu til heitavatnsversins sem hvern annan straum raforku sem gjalda beri bæði gjöld fyrir flutning og dreifingu.

Einhver millileið væri hugsanleg eins og t.d. sú að raforkuverið gjaldi innmötunargjald fyrir alla sín (nettó)framleiðslu, líka þá sem fer til dælingarinnar, en hvorki verði greitt fyrir úttekt þeirrar orku né heldur fyrir dreifinguna.

3. Heimildir til leiðréttinga vegna of- eða vantekinna tekna

Í gildandi raforkulögum er að finna heimild til að taka tillit til þess við gjaldskrárgerð ef arðsemi undanfarandi þriggja ára er utan þeirra marka sem sett eru í lögnum. Ekki er hins vegar tekið á því hvernig með skuli fara ef innheimtar tekjur skv. gjaldskrá eru utan tekjumarkna viðkomandi fyrirtækja en þó innan arðsemismarkna. Þannig gæti verið að fyrirtæki innheimti of há gjöld og færi því upp fyrir tekjuhámark sitt en væri slælega rekið og arðsemin því innan marka. Orkustofnun hefur heimild í 2. mgr. 26. gr. raforkulaga til að breyta gjaldskrá til að stöðva of háa gjaldtöku, en stofnunin telur að sú heimild nái ekki til þess að ná með lækkun gjaldskrár til baka ofteknum gjöldum aftur í tímann.

Í Noregi eru tekjur skoðaðar miðað við tekjumörk og gjaldskrár leiðréttar til hækkunar eða lækkunar ef tekjur eru ekki í samræmi við sett tekjumörk (sjá mynd 1). Frávik frá tekjumörkum eru þannig eins og hlaupareikningur sem getur verið ýmist jákvæður eða neikvæður. Sama er gert í Danmörku og þar hafa tekjumörk verið það rúm að upp hafa safnast verulegar heildarupphæðir á þessum "hlaupareikningum", sem gæti leitt til talsverðrar verðsprengingar ef þeir yrðu allar "leystar út" um svipað leyti. Orkustofnun telur að fymingarákvæði verði að vera til staðar til að koma í veg fyrir slíkt.

Frumvarpið (og lögín) hér gera sem sagt ekki ráð fyrir því að hægt sé að ná til baka ofteknum tekjum né heldur að geyma vannýtt tekjumörk. Þar sem hvorugt er leyft má segja að fyrirtækin og neytendur taka á sig vissa áhættu. Spurningin er hvað sé skynsamlegast í þessum efnum. Vilji menn breyta þessu og heimila afturvirka leiðréttingarheimild mætti bæta þeim við 2. mgr. 26. gr. gildandi laga.

Mynd 1

